



Rekstraruppgjör 2007

Íþróttar- og tómstundasvið Reykjavíkur



Útgefið 11. mars2008

Inngangur	- 3 -
Hvernig uppgjörið er unnið.....	- 4 -
Almennt um rekstrarárið	- 4 -
Breytingar á fjárhagsáætlun	- 5 -
Tekjur í þús kr.	- 6 -
Laun og launatengd gjöld í þús kr.....	- 6 -
Innri leiga húsnæðis í þús kr.	- 6 -
Annar rekstrarkostnaður í þús kr.....	- 6 -
Sölustarfsemi.....	- 7 -
Viðskiptakröfur – afskriftir	- 7 -
Ferðakostnaður.....	- 8 -
Símakostnaður.....	- 8 -
Rekstrarleiga	- 9 -
Rekstraryfirlit.....	- 10 -
Frávikagreining einstakra starfsstaða.....	- 12 -

Inngangur

Rekstur ÍTR árið 2007 gekk ágætlega. Í heildina séð var 26 mkr halli á rekstrinum en hann skýrist að öllu leiti af auknum barnafjölda í frístundaheimilum borgarinnar, greiðslu vegna aksturs fatlaðra skólabarna yfir sumartímann og greiðslu stofnstyrkja vegna Laugardalsvallar og Skautahallarinnar. Rekstur fagskrifstofanna gekk vel á árinu, skrifstofa íþróttamála var rekin með þónokkrum afgangi en skrifstofa tómstundamála var rekin með nokkrum halla.

Halli af reglubundnum rekstri ÍTR, þ.e. rekstur án hlutdeildar í sameiginlegum kostnaði, færslu stofnstyrkja, aksturs fatlaðra barna og aukaframlags til Skíðasvæðanna nam 20,1 mkr.

Á árinu var ákveðið að flytja ekki yfir afgang/halla frá fyrri árum og olli það nokkrum vandræðum á starfsstöðum sem höfðu safnað afgangi sem nota átti til lagfæringa á aðstöðu í starfseminni. Ákvörðunin um að fara ekki að gildandi leikreglum kom seint og í flestum tilvikum var þegar farið af stað með verkefnin sem nýta átti afganginn í, þannig að ekki tókst að draga saman seglin á seinni hluta ársins til að koma til móts við fyrirsjáanlegan halla á rekstri starfsstaðanna.

Ómar Einarsson
sviðstjóri

Bragi Þór Bjarnason
fjármálastjóri

Hvernig uppgjörið er unnið

Samkvæmt leikreglum sem voru samþykktar með fjárhagsáætlun 2007 var gert ráð fyrir að yfirfærður yrði afgangur/halli á svið borgarinnar. Þegar ársuppgjör 2006 lá fyrir var farið í að vinna yfirfærsluna og heimfæra hana á viðkomandi starfsstaði. Ákveðið var seint á árinu að færa ekki afgang/halla milli ára. Þetta hafði nokkur áhrif á starfsstaði ÍTR sem höfðu safnað afgangi til að fara í aðgerðir sem höfðu einskiptis kostnað í för með sér, t.d. endurnýjun á eldhúsi og aðstöðu fyrir unglinga í félagsmiðstöðvum.

Í uppgjörinu er samanburður á milli endurskoðaðrar áætlunar ÍTR og rekstrarniðurstöðu. Áætlun ÍTR með þeim breytingum sem ÍTR hefur samþykkt. Í nokkrum tilvikum er um að ræða frávik á áætlun ÍTR og endurskoðaðrar áætlunar sem samþykkt hefur verið í borgarráði, þó eru heildarfrávik á milli áætlanna engin. Ástæða þess að miðað er við áætlun ÍTR er að t.d. á skrifstofu tómstundamála var breyting á hverfaskiptingu frístundamiðstöðva sem gekk í gegn á nýju ári, frístundamiðstöðvum var fjölgað til samræmis við þjónustumiðstöðvar borgarinnar og hverfamörk aðlöguð að þeim.

Í frávikagreiningu er alltaf samanburður milli rekstrarniðurstöðu og fjárhagsáætlunar.

Aftast í skýrslunni er gerð grein fyrir frávikum allra kostnaðarstaða sem eru með meira en 1% frávik frá ráðstöfunarheimild.

Í skýrslunni er fjallað um:

- Breytingar á fjárhagsáætlun
- Samanburður áætlunar, ráðstöfunarheimilda og rekstrarniðustöðu
- Tekjur
- Laun og launatengd gjöld
- Innri leigu
- Annan rekstrarkostnað
- Sölustarfsemi
- Viðskiptakröfur – afskriftir
- Ferðakostnað
- Símakostnað
- Rekstrarleigu tækja
- Rekstraryfirlit
- Frávikagreiningu einstakra starfsstaða

Almennt um rekstrarárið

Rekstrarniðurstaða flestra starfseininga ÍTR var yfirleitt góð. Rekstur skrifstofu íþróttamála var undir áætlun en skrifstofa tómstundamála fór nokkuð yfir áætlun. Nánar verður fjallað um ástæður frávika á einstaka starfsstöðum seinna í skýrslunni.

Erfiðlega gekk að ráða í stöður á frístundaheimilum þó var reynt að taka inn öll börn sem vildu pláss á frístundaheimilunum. Leiddi það til þess að á sumum stöðum voru allt að 18 börn á hvern starfsmann þó svo borgarráðssamþykktin geri ekki ráð fyrir fleiri en 12 börnum á hvern starfsmann.

Breytingar á fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun ÍTR tók nokkrum breytingum á árinu 2007. Borgarráð samþykkti eftirfarandi breytingar:

Kjarasamningar	þús kr.
Flutningur aðalskrifstofu á Bæjarháls 1	4.545
Atvinnumál skólafólks	10.000
Framkvæmdafé í fjölskyldu- og húsdýragarð	126.646
Framkvæmdafé vegna hjólabrettapalla	25.000
Aukinn kostnaður vegna frístundaheimila	20.000
Aukinn kostnaður vegna Sigluness	30.000
Aukinn kostnaður vegna Ylstrandar	4.000
Frístundaklúbbar fyrir fötluð börn og unglunga	4.200
Ofáætlun vegna Frístundakorts	25.000
Innri leiga áhalda og tækja	-75.000
Stofnstyrkir	2.984
Styrkur til Tónlistarþróunarmiðstöðvar	-33.619
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði borgarsjóðs	6.000
Greiðsla á halla frá fyrra ári	100.598
	-15.000

Breytingar á fjárhagsáætlun og rekstrarniðurstaða í þús. kr.

Áætlun	Esk áætlun	Niðurstaða
5.074.130	5.307.484	5.333.714

Rekstrarniðurstaða ÍTR er 5.333.714 þkr. og því er halli 26.230 þkr. Það eru nokkrir þættir sem hafa haft áhrif á rekstrarniðurstöðu ÍTR á árinu 2007, og eru þetta þeir helstu:

- Aukinn barnafjöldi í frístundaheimilum
- Stofnstyrkir vegna KSÍ og Skautahallar
- Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði borgarsjóðs
- Kostnaður vegna aksturs fatlaðra barna yfir sumartímann
- Átak í starfsmannamálum samkvæmt ákvörðun borgarráðs
- Aukaframlag til Skíðasvæða höfuðborgarsvæðsins sem samþykkt var á fundi borgarráðs 6. mars 2008

Tekjur í þús kr.

Áætlun	Esk áætlun	Áætlun ÍTR	Niðurstaða
966.472	999.566	1.000.466	1.063.779

Niðurstaða tekna er 63.313 þkr. hærri en gert var ráð fyrir í áætlun. Tekjur vegna verkefna sem ekki er sértök fjárveiting fyrir í áætlun ÍTR eru birtar í tekjustöðu. Dæmi um slík verkefni eru verkefni í Hinu húsinu, yfirtaka á rekstri Laugabóls, Evrópuverkefni Leonardo, Heilsuborgarverkefni, sameiginlegur kostnaður og Húsaleigu- og æfingastyrkir.

Laun og launatengd gjöld í þús kr.

Áætlun	Esk áætlun	Áætlun ÍTR	Niðurstaða
2.117.980	2.297.000	2.328.986	2.307.722

Niðurstaða launakostnaðar er 21.263 þkr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Mismun á áætlun ÍTR og endurskoðaðri áætlun má rekja til stofnunar Frístundamiðstöðvarinnar Kamps þar sem fjármagn var flutt af öðrum kostnaði til að standa undir launakostnaði.

Innri leiga húsnæðis í þús kr.

Áætlun	Esk áætlun	Áætlun ÍTR	Niðurstaða
1.022.049	1.015.185	1.015.185	1.011.558

Niðurstaða kostnaðar vegna innri leigu fasteigna frá Framkvæmdasviði er 3.627 þkr. lægri en áætlað var. Þessi mismunur skýrist af áætlun á innri leigu hjá gæsluvöllum sem var ranglega áætlað sem innri leiga en átti að vera annar rekstrarkostnaður.

Annar rekstrarkostnaður í þús kr.

Áætlun	Esk áætlun	Áætlun ÍTR	Niðurstaða
2.885.573	2.994.865	2.963.779	3.077.492

Niðurstaða annars kostnaðar er 113.713 þkr. hærri en áætlað var. Mismun á áætlun ÍTR og endurskoðaðri áætlun má rekja til stofnunar Frístundamiðstöðvarinnar Kamps þar sem fjármagn var flutt af öðrum kostnaði til að standa undir launakostnaði.

Undir liðinn annar kostnaður hefur verið færður til gjalda hjá ÍTR:

- Innri leiga áhalda og tækja í Fjölskyldu- og húsdýrarði
- Innri leiga tæka í Fjölskyldu- og húsdýragarði
- Gjaldfærðir stofnstyrkir
- Akstur fatlaðra barna yfir sumartímann
- Aukaframlag til Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.

Sölustarfsemi

Á mörgum starfsstöðum ÍTR eru starfræktar sölubúðir í einhverju formi. Í félagsmiðstöðvum er um litlar rekstrareiningar að ræða sem velta litlum fjárhæðum en í sundlaugum, Ylströnd og Fjölskyldu- og húsdýragarði er um verulega veltu að ræða sem skiptir miklu máli við fjármögnun starfseminnar.

Heildarvelta þessarar starfsemi á árinu 2007 var samtals 99.625 þkr. án virðisaukaskatts og er það aukning um 20,2% frá fyrra ári. Þar af var velta í sundlaugum, Ylströnd og Fjölskyldu- og húsdýragarði 99.146 þkr. án virðisaukaskatts sem er aukning um 19,6% milli ára.

Ljóst er að þessi þáttur rekstrarins skiptir viðkomandi starfsstaði og ÍTR verulegu máli við fjármögnun starfseminnar. Mikilvægt er að vera með skýr markmið með rekstrinum.

Þús.kr.	Árb.laug	Breiðh.laug	Grafav.laug	Laugard.L	Sundhöll	Vestb.laug	Ylströnd	Fjsg.garður
Sala	15.738	4.945	15.874	23.956	764	2.480	4.274	30.917
Birgðir 1/1	615	294	450	454	96	143	0	186
Innkaup	8.866	2.834	10.763	15.034	472	1.539	2.134	16.544
Birgðir 31/12	-663	-612	-541	-497	-100	-149	0	-459
KSV	8.818	2.516	10.672	14.991	468	1.533	2.134	16.271
Álagning	6.920	2.429	5.202	8.966	297	947	2.140	14.647
Álagning % '07	78,5%	96,5%	48,7%	59,8%	63,4%	61,8%	100,3%	90,0%
Álagning % '06	83,4%	59,4%	55,0%	54,5%	15,1%	50,9%	65,4%	73,8%
Álagning % '05	58,6%	40,8%	52,9%	37,6%	19,1%	20,8%	69,2%	83,8%
Álagning % '04	46,1%	45,8%	40,7%	27,8%	44,9%	31,6%	79,2%	69,9%
Álagning % '03	52,5%	19,8%	47,9%	33,7%	55,6%	55,6%	59,1%	81,0%

Viðskiptakröfur – afskriftir

Í árslok voru ógreiddar viðskiptakröfur að fjárhæð 565.796.189. Hafa verður í huga að tekjur vegna frístundaheimilanna, um 34,3 mkr, eru innheimtar eftirá og eru því allar kröfur vegna desembermánaðar ógreiddar um áramót. Kröfurnar skiptast þannig að 49.064.482 eru vegna einstaklinga og 516.731.707 eru vegna fyrirtækja og stofnana. Undir kröfum á fyrirtæki og stofnanir er krafa á bygginganefnd Hlíðarendasvæðisins upp á 434.932.871 sem tilkomin vegna byggingakostnaðar sem borgin hefur lagt út fyrir þar sem skipulag svæðisins hefur ekki legið fyrir. Krafan verður greidd þegar skipulagið liggur fyrir og sala á byggingarreitum hefst.

Aldursgreining krafanna er:

Ár	Fjárhæð
2007	508.236.701
2006	36.190.547
2005	5.264.299
2004 og eldri	16.104.642

Elstu kröfurnar hafa verið í lögfræðiinnheimtu og telja verður litlar líkur á innheimtu þeirra. Flestar viðskiptakröfur í vanskilum eru vegna frístundaheimila. Í árslok 2007 voru kröfur að samtals fjárhæð 1.619.803 afskrifaðar. Um var að ræða kröfur sem voru endursendar frá lögfræðingi eftir árangurslaust fjárnám eða viðkomandi kröfur töldust ekki innheimtanlegar af öðrum ástæðum. Að auki var gerð óbein niðurfærsla vegna krafna frístundaheimila að fjárhæð 1.500.000 og vegna annarra krafna að fjárhæð 1.250.000 til að koma til móts við afskriftir í framtíðinni. Fyrir liggur beiðni um afskriftir hjá afskriftarnefnd sem er enn ófært í bókhaldinu.

Ferðakostnaður

Samtals voru farnar í tengslum við starfsemi ÍTR 25 ferðir á árinu 2007. Bókfærður nettókostnaður eftir að tekið hefur verið tillit til styrkja er 7.479.856.

Símakostnaður

Samtals eru 244 GSM símanúmer á skrá hjá ÍTR og þar af eru búið að gera samninga við notendur 197 númera. Mismunurinn stafar að miklu leyti að því að í nokkrum símostöðvum er GSM kort til að nýta alltaf mögulega lægsta verð við símtal úr borðsímum og einnig er nokkuð um GSM posa.

Heildarkostnaður vegna GSM notkunar á árinu var 7.335.936. Kostnaður vegna 21 númera var hærri en samningsviðmið kveða á um og er umframkostnaður samtals 798.496 sem verður settur í innheimtu.

Rekstrarleiga

Á vegum ÍTR eru í árslok 10 bifreiðar/tæki í rekstrarleigu og ein á fjármögnunarleigu. Skuldbindingar vegna rekstrarleigutækja er 14.559.779 út samningstíma þeirra og skuldbinding vegna fjármögnunarleigu er (34% af leigugjaldi á móti 66% skíðasvæðanna) 872.664.

Heildarskuldbinding vegna leigu bifreiða og tækja er:

		Fastanúmer	Skráningardagur	Samnings- tími til	Fjöldi mán. eftir af samningi	Gr. Á mánu	Heildarskuldbinding
Þjónustudeild							
Ingvar Helgason	Nissan Navara	ZS 878	11 05	3.1.2009	12	64.186	770.232
MHG verslun	Custmann Turf	IB0560	6 05	14.6.2012	54	44.742	2.416.068
Gufunesbær							
B og L	HYUNDAI H-1	US 745	4 06	15.4.2009	15	54.980	824.700
Skrifstofa B-1							
P. Samúelsson	Toyota Yaris	YM Z96	10 07	15.10.2010	34	35.962	1.222.708
Starfsemi fyrir fatlaða							
Bifr. Og Landbv.	Renault Trafic	ZT-729	4 05	5.5.2008	4	71.142	284.568
Hekla	Skoda Fabia	KL H39	12 07	15.12.2010	36	34.174	1.230.264
Laugaból							
Hekla	Skoda Octavia	RE-S57	7 07	3.8.2010	32	50.010	1.600.320
Fristundaklúbbar 10-16 ára							
Bifr. Og Landbv.	Renault Trafic	TI E80	11 07	15.11.2010	35	59.169	2.070.902
Bifr. Og Landbv.	Renault Trafic	DL Y37	11 07	15.11.2010	35	59.144	2.070.030
Bifr. Og Landbv.	Renault Trafic	GD L68	11 07	15.11.2010	35	59.142	2.069.987
Samtals skuldbinding vegna rekstrarleigu						532.651	14.559.779
Skuldbindingar vegna fjármögnunarleigu							
Brúðubíll							
Brimborg	Ford Transit	EB 249	1 02	14.3.2010	26	33.564	872.664
Heildarskuldbinding vegna rekstrar- og fjármögnunarleigu						566.215	15.432.443

R E K S T U R janúar-desember 2007								
eining1	Tekjur	Laun og launa- tengd gjöld	Annar rekstar- kostnaður	Rekstar- niðurstaða	Áætlun	Frávik	Hlutfall af Áætlun tímabils	
Íþróttta- og tómstundasvið								
Yfirstjórn ÍTR:								
Íþróttta- og tómstundaráð	I1990	10.844	949	11.793	11.922	129	99%	
Yfirstjórn ÍTR	I2000	296	134.031	11.368	145.103	(10.364)	108%	
Kynningar- og markaðsmál	I2010	3.326	3.053	14.187	13.914	2.089	87%	
Fræðsla og jafnréttismál	I2020		1.082	4.215	5.297	327	94%	
Rannsóknir og kannanir	I2030	20	1.631	1.642	3.253	1.429	69%	
		3.642	150.640	32.362	179.360	(6.391)	104%	
Atvinnumál:								
Atvinnumál	I2050	58.629	38.297	96.926	99.920	2.994	97%	
Atvinnumál skólafólks	I2051	7.956	75	8.031	10.855	2.824	74%	
Vinnumiðlun Ungs fólks	I2053	14.937	(14.937)					
		81.523	23.434	104.957	110.775	5.818	95%	
Tómstundamál:								
Fristundamiðstöðin Miðberg	I301	7.090	83.336	41.248	117.493	(4.398)	104%	
Fristundamiðstöðin Tónabær	I302	11.641	101.026	34.042	123.427	(1.568)	101%	
Fristundamiðstöðin Kampur	I303	1.629	31.428	104	29.903	(3.050)	111%	
Fristundamiðstöðin Ársel	I304	5.186	62.123	23.454	80.390	(2.900)	104%	
Fristundamiðstöðin Frostaskjól	I305	5.040	51.143	10.370	56.473	3.806	94%	
Fristundamiðstöðin Gufunesbær	I309	14.541	109.131	23.114	117.704	(5.864)	105%	
Félagsstarf í hverfum	I3510	1.664	2.024	11.582	11.942	(1.586)	115%	
Starfsemi fyrir fatlaða	I3720	71	1.266	10.067	11.262	(8.753)	449%	
Sumargrín og smíðavellir	I3880	1.227	9.799	9.207	17.779	(1.698)	111%	
Sumaríðskeyð fyrir börn	I3910	9.827	578	18.838	9.589	(641)	107%	
Hitt Húsið	I4000	12.057	40.455	55.475	83.873	86.345	97%	
Atvinnu- og forvarnarverkefni	I4005	5.057	12.617	6.846	14.406	14.896	97%	
Tipp Topp - miðstöð fatlaðra	I4006	9.028	28.001	905	19.877	41	100%	
Siglingar í Nauthólsvík	I5300	2.249	16.330	7.976	22.056	(179)	101%	
Fristundaheimili ÍTR	I71	233.165	657.873	118.608	543.316	(33.181)	107%	
Gæsluvellir	I7170			14.366	14.366	16.130	89%	
Fristundaklúbbar	I7180	313	8.212	13.688	21.586	25.000	86%	
Hverfastarf	I750			32	32	161	20%	
Þróunarverkefni	I7550	28	7.621	831	8.424	8.496	99%	
		319.814	1.222.961	400.752	1.303.899	(51.630)	104%	
Íþróttamál:								
Laugardalslaug	I5000	183.303	186.041	247.635	250.372	250.557	100%	
Vesturbæjarlaug	I5010	57.395	60.341	40.404	43.349	38.994	(4.354)	111%
Sundhöll	I5020	39.268	55.504	41.944	58.180	57.787	(393)	101%
Breiðholtslaug	I5030	48.454	78.238	58.859	88.643	88.018	(625)	101%
Íþróttahúsið Austurberg	I5031	22.809	13.467	28.581	19.239	21.898	2.659	88%
Þjónusta við félög	I504		(11)	20.584	20.572	20.954	382	98%
Árbæjarlaug	I5040	74.439	71.347	117.527	114.435	119.489	5.054	96%
Grafarvogslaug	I5050	73.500	77.803	82.894	87.198	93.427	6.229	93%
Íþróttahús Grafarvogí	I5051	19.572	18.556	58.639	57.622	57.701	79	100%
Íþróttamiðstöðin Klébergi	I5060	8.844	17.468	16.201	24.825	22.014	(2.811)	113%
Ylströnd í Nauthólsvík	I5080	4.422	10.534	20.079	26.191	27.701	1.511	95%
Laugardalshöll	I5200			341	341		(341)	
Íþróttahús í Seljahverfi	I5220	22.762	19.250	32.015	28.502	30.696	2.194	93%
Íþróttahús KHÍ	I5230	9.886	10.933	2.637	3.685	3.873	188	95%
Laugaból	I5240	26.472	10.001	17.085	614		(614)	
Þjónustudeild ÍTR	I5400	6.316	13.791	15.770	23.245	21.402	(1.843)	109%
Gervigrasvöllur við Austurberg	I5411	13.896	227	15.456	1.787	2.297	510	78%
Sparkvellir	I542			13.785	13.785	14.314	530	96%
Íþróttastarfsemi fyrir aldraða	I5500	1.700	7.088	(408)	4.980	5.168	188	96%
Heilsuborgin Reykjavík	I5600	5.191		8.481	3.290	3.232	(58)	102%
Skíðabrekkur í hverfum	I640		223	4.700	4.923	5.791	868	85%
Hengilssvæði	I6700		2	(2)				
Framlag til Skíðasvæðis höfuðborgarsvæðis	I6900			139.635	139.635	54.754	(84.881)	255%
		618.229	650.802	982.840	1.015.413	940.069	(75.344)	108%

REKSTRARYFIRLIT (Allar fjárhæðir í þúsundum króna)

Önnur starfsemi:

Menningartengd starfsemi	I7600	275	1.475	4.363	5.563	3.985	(1.578)	140%
Hátíðahöld 17. júní	I8000	(14)	829	25.533	26.376	25.000	(1.376)	106%
Fólkvangur Kjalarnesi	I8250	290	729	2.976	3.415	2.539	(876)	135%
Fjölskyldu- og húsdýragarður	I840	116.058	151.866	103.600	139.408	144.551	5.143	96%
Sameiginlegur kostnaður ÍTR	I8460	4.435		20.202	15.768	14.914	(854)	106%
Langtímaveikindi og leyfi	I8461		42.529	175	42.704	32.161	(10.543)	133%
Stöðugildi þjónustumiðstöðvar	I8463			30.664	30.664	30.664		100%
Tölvu- og tæknideild	I8465			44.112	44.112	38.076	(6.036)	116%
Uppgjörslíður tekna	I8469							
Gjaldfærð lausafjárkaup	I8999			37.880	37.880	35.000	(2.880)	108%
		121.043	197.428	269.504	345.890	326.890	(18.999)	106%

Styrkir:

Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála	I9010			45.925	45.925	46.000	75	100%
Húsaleiga af borgarmannvirkjum	I9050			448.587	448.587	447.772	(814)	100%
Byggingastyrkir	I9300			588.898	588.898	586.405	(2.493)	100%
Í.B.R. v/íþróttastarfsemi	I9310			29.288	29.288	29.288		100%
Húsaleigu- og æfingastyrkir	I9320	1.050	1.110	1.100.307	1.100.367	1.296.998	196.631	85%
Frístundakort	I9340		3.978	150.591	154.569		(154.569)	
Innri leiga áhalda og tækja	I9997			3.297	3.297	2.984	(313)	110%
Stofnstyrkir	I9998			8.138	8.138		(8.138)	
		1.050	5.088	2.375.029	2.379.067	2.409.447	30.381	99%

Annað:

Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	I9000			5.128	5.128	100.598	95.470	5%
ÍTR - útteiling potta	I9999					(5.534)	(5.534)	0%
				5.128	5.128	95.064	89.936	5%

Íþrótt- og tómstundasvið samtals

		1.063.779	2.308.442	4.089.050	5.333.714	5.307.484	(26.230)	100%
--	--	------------------	------------------	------------------	------------------	------------------	------------------	-------------

Frávikagreining einstakra starfsstaða

I2000 – Skrifstofa ÍTR

Rekstrarniðurstaða Skrifstofu ÍTR var 10.364 þkr. (7,7%) hærri en áætlun.

Laun voru 2,9 mkr (2,2%) hærri en áætlun sem skýrist af launatengd gjöld voru áætluð 15,9% en útkoma ársins sýnir að launatengdu gjöldin eru 16,9%. Að auki urðu breytingar á kjaranefndarlaunum sem á eftir að bæta.

Annar kostnaður fór verulega fram úr áætlun sem skýrist að mestu vegna vanáætlunar á kostnaði við flutning skrifstofunnar á Bæjarháls 1. Það hefur bæst við nokkur kostnaður vegna starfsmannamála eins og mötuneytiskostnaður sem ekki hefur verið áður. Kostnaður við að aðlaga skrifstofstofuhúsnæðið að ÍTR varð meiri en að var stefnt í upphafi.

I2010 Kynningar- og markaðsmál

Rekstrarniðurstaða Kynningar- og markaðsmála var 2.089 þkr. (13,1%) lægri en áætlun.

Tekjur urðu 601 þkr. yfir áætlun eða 22%. Rekstrargjöld urðu 1.488 þkr. undir áætlun eða 8% Markvisst var dregið úr auglýsingum og gerð auglýsingaefnis vegna fyrirséðs halla á rekstri ÍTR

I2020 Fræðsla starfsmanna

Rekstrarniðurstaða Fræðslu starfsmanna var 327 þkr. (5,8%) lægri en áætlun.

Ekki náðist að innheimta þær tekjur sem áætlað var. Launakostnaður varð 2.453 þkr. undir áætlun eða 69%. Önnur rekstrargjöld urðu 388 þkr. undir áætlun eða 7%.

I2030 Rannsóknir og kannanir

Rekstrarniðurstaða Rannsókna og kannana var 1.429 þkr. (30,5%) lægri en áætlun.

Tekjur urðu 924 þkr. undir áætlun eða 98%. Rekstrargjöld eru 2.353 þkr. undir áætlun eða 42%. Það var dregið úr rannsóknum og könnunum vegna fyrirséðs halla á rekstri ÍTR.

Tómstundamál

Í heild var rekstur skrifstofu tómstundamála 51.570 þkr. (4,1%) hærri en áætlun. Frávikin má að mestu rekja til reksturs frístundaheimila þar sem barnafjöldi var mun meiri en áætlun gerði ráð fyrir.

I3010 Miðberg

Rekstrarniðurstaða Miðbergs var 4.350 þkr. (3,8%) hærri en áætlun.

Tekjur Miðbergs urðu 171 þkr. yfir áætlun eða 2%. Launakostnaður var 9.318 þkr. undir áætlun eða 10%. Önnur rekstargjöld fóru 13.887 þkr. yfir áætlun eða 142%.

Miðberg hefur undanfarin ár verið rekið með þónokkrum afgangi og átti til að mynda í lok árs 2005 rúmar 4,6 mkr í uppsafnaðan afgang. Á árinu 2006 var aukið við afganginn þannig að hann varð tæpar 5,3 mkr í lok árs. Miðberg hafði tekið þá ákvörðun að ráðstafa afgangnum í að búa til aðstöðu fyrir myndvinnslu í unglingastarfinu hjá sér. Að teknu tillit til afgangins frá fyrra ári var frávikið einungis 0,8%.

I3020 Tónabær

Rekstrarniðurstaða Tónabæjar var 1.568 þkr. (1,3%) hærri en áætlun.

Tekjur urðu 658 þkr. hærri en áætlað var eða 6%. Launakostnaður var 9.970 þkr. hærri en áætlað var eða 11%. Annar rekstrarkostnaður var 7.772 þkr. lægri en áætlað var eða 18%.

Skýringar forstöðumanns er eftirfarandi:

“Ástæða frávíks 1,3% frá áætlun er sú að Tónabær skilaði rekstrarafgangi árið 2006 og var gert ráð fyrir að afgangur uppá rúmar 6 milljónir yrði fluttur yfir til ársins 2007.

Með þá vitneskju í farteskinu var ráðist í framkvæmdir í eldhúsi Tónabæjar ásamt því að búa til vinnurými í Tónabæ þar sem umsjónarmenn frístundaheimilanna hefðu aðgang að fyrir hádegi í sínum undirbúningstíma. Þessar framkvæmdir kostuðu vel á þriðju milljón.

Svo gerist það í nóvember 2007 að tilkynning kemur um að afgangur ársins 2006 yrði ekki fluttur yfir á árið 2007. Á þeim tíma voru framkvæmdir við eldhús og vinnurými afstaðnar og því ekki möguleiki að kalla það til baka. Aðrar aðgerðir leiddu til þess að framúrkeyrslan var ekki meiri en raun bar vitni.

Yfirkeyrslan er 1.568.000kr og skýrist af fyrrgreindum framkvæmdum sem voru framkvæmdar í góðri trú um að afgangur fyrra árs yrði fluttur yfir.”

Að auki uppgötvaðist í byrjun árs að vegna ábendinga frá lífeyrissjóði að ekki hafði verið greitt lífeyrисиðgjald vegna forstöðumannsins á árinu 2006. Leiðréttingin var framkvæmd 2007 og nam um 800 þkr.

I3030 Kampur

Rekstrarniðurstaða Kamps var 3.050 þkr. (11,4%) hærri en áætlun.

Tekjur urðu 729 þkr. hærri en áætlað var eða 81%. Launakostnaður var 6.612 þkr. hærri en áætlað var eða 27%. Önnur rekstrargjöld voru 2.833 þkr. lægri en áætlað var eða 11%.

Skýringar forstöðumanns eru eftirfarandi:

“Frístundamiðstöðin Kampur var stofnuð 1. maí 2007. Kampur tók að sér verkefni í Hlíðaskóla og Háteigsskóla frá Tónabæ og Austurbæjarskóla frá Frostaskjóli. Það er mat forstöðumanns að nokkuð hafi vantað uppá áætlun fyrir nýtt starf í nýrri frístundamiðstöð. Helstu þættir sem höfðu áhrif á umframkeyrslu og vanáætlun í fjárhagsáætlun 2007 er meðal annars starfsmannavelta, stofnkostnaður, leiðréttingar á launum, vanáætlun á launalið, staða rekstrarstjóra var óljós á árinu og aukin kostnaður við sumarstarf vegna fjölda umsjónarmanna. Frostaskjól sendi inn leiðréttingu á laun verkefnistjóra félagsmiðstöðvarinnar 101 frá 1. maí sem kom sem leiðrétting á Kamp en í fjárhagsáætlun var einungis gert

ráð fyrir launum frá miðjum ágúst. Þar vantar því þrjá og hálfan mánuð á laun viðkomandi starfsmann.

Deildarstjóri unglingastarfs hafði rétt á launaleiðréttingu frá árinu 2005 sem kom fyrst til leiðréttingar að hausti 2007 og lagðist allur kostnaður á Kamp sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2007 að forstöðumaður sem var í námsleyfi á síðasta ári kæmi inn til starfa en í samkomulagi við stjórnendur kom viðkomandi inn til starfa í 5 vikur sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun.”

I3040 Ársel

Rekstrarniðurstaða Ársels var 2.900 þkr. (3,7%) hærri en áætlun.

Tekjur urðu 2.659 þkr. lægri en áætlað var eða 34%. Launakostnaður var 2.467 þkr. hærri en áætlun eða 4%. Önnur rekstrargjöld voru 2.226 þkr. lægri en áætlun eða 9%.

Helstu frávík eru að tekjur eru 2,7 mkr undir áætlun. Forstöðumaður hafði gert athugasemd við hækkun tekjukröfu milli ára sem hækkaði úr 4,6 mkr í 7,8 mkr sem er óraunhæf krafa.

I3050 Frostaskjól

Rekstrarniðurstaða Frostaskjóls var 3.806 þkr. (6,3%) lægri en áætlun.

Tekjur urðu 909 þkr. lægri en áætlun eða 15%. Launakostnaður var 5.279 þkr. lægri en áætlun eða 9%. Önnur rekstrargjöld voru 564 þkr. hærri en áætlun eða 6%.

Helstu ástæður frávika eru að ekki var ráðið í stöðu deildarstjóra unglingasviðs og frístundaráðgjafa á haustönn.

I3090 Gufunesbær

Rekstrarniðurstaða Gufunesbæjar var 5.855 þkr. (5,2%) hærri en áætlun.

Tekjur eru 1.000 þkr. hærri en áætlað var eða 8%. Launakostnaður var 1.092 þkr. lægri en áætlun eða 1%. Önnur rekstrargjöld voru 7.975 þkr. hærri en áætlun eða 53%

Frávík í launakostnaður má að hluta til má rekja til vanáætlunar launatengdra gjalda upp á 1,2%

Skýringar forstöðumanns eru eftirfarandi:

„Fæðisfé er ekki inni í áætlun hjá verkefnisstjórum félagsmiðstöðva. Í síðustu samningum varð sú breyting á að verkefnisstjórar félagsmiðstöðva voru ekki lengur skilgreindir sem vaktavinnufólk. Við þá breytingu þurfti að fara greiða þessum hópi fæðisfé sem ekki hafði verið gert áður. Bæting hefur ekki fengist sú inn í ramma frístundamiðstöðvarinnar en þessi kostnaður hljóðar upp á 700 – 800 þús á ári.

Vegna mikillar þátttöku í starfi félagsmiðstöðva auk sérstakra aðstæðna vegna þungra unglingamála þurfti að auka stöðugildi í tveimur félagsmiðstöðvum. Kostnaður vegna þessa var um 700 þús.

Aukning á öðrum kostnaði er fyrst og fremst vegna viðhalds á tækjum og tólum er tengist starfi félagsmiðstöðva í Grafarvogi sem staðsettar eru í grunnskólunum.

Samningur er milli Menntasviðs og ÍTR um að ÍTR viðhaldi tækjabúnaði, m.a. diskóbúrum auk annarra tækja er tengist starfsemi félagsmiðstöðvanna.

Rammi til tækjakaupa var einungis 1 milljón og því ljóst að hann einn og sér myndi aldrei ná að dekkja kostnað vegna tækja frístundamiðstöðvarinnar og 9 félagsmiðstöðva í skólum Grafarvogs og á Kjalarnesi.“

I3510 Félagsstarf í hverfum

Rekstrarniðurstaða Félagsstarfs í hverfum var 1.586 þkr. (15,3%) hærri en áætlun.

Skýring vegna frávika er að Skrekkur varð dýrari en gert var ráð fyrir. Vegna aukinnar þátttöku þurfti að bæta við einu kvöldi með tilheyrandi kostnaði upp á 0,7 mkr. Ákveðið var að fara í gerð á lykiltölugrunni fyrir skrifstofu tómstundamála og nam kostnaður 0,4 mkr. Prentun og hönnun á UNGblaðinu var hærri en áætlað var 0,3 mkr.

I3720 Starfsemi fyrir fatlaðra

Rekstrarniðurstaða Starfsemi fyrir fatlaða var 8.753 þkr. (348,9%) hærri en áætlun.

Helstu skýringar eru að Strætó sendi ÍTR reikning fyrir akstri fatlaðra barna á sumarnámskeið ÍTR upp á 8,1 mkr. Kostnaður vegna þessa aksturs hefur fallið á Menntasvið hingað til og þar er fjárveiting fyrir þessu. Ekki var áætlað fyrir þessum kostnaði. Einnig var aukinn kostnaður vegna stuðnings við reiðnámskeið fatlaðra barna.

I3880 Sumargrín

Rekstrarniðurstaða Sumargríns var 1.698 þkr. (10,6%) hærri en áætlun.

Tekjur urðu 585 þkr.lægri en áætlun eða 32%. Launakostnaður var 1.046 þkr. hærri en áætlun eða 12%. Önnur rekstargjöld voru 67 þkr. yfir áætlun eða 1%.

Á árinu var húsnæði að Skerjafirði sagt upp þar sem stóð til að rífa húsið. Var önnur aðstaða leigð undir starfseminu í Gufunesi og nam beinn kostnaður við flutningana um 655 þkr.

I4000 Hitt húsið

Rekstrarniðurstaða Hins hússins var 2.472 þkr. (2,9%) lægri en áætlun.

Tekjur urðu 271 þkr. undir áætlun eða 2%. Launakostnaður var 2.318 þkr. undir áætlun eða 5%. Önnur rekstrargjöld voru 425 þkr.undir áætlun eða 1%

Frávikin felast fyrst og fremst í lægri launakostnaði sem skýrist af endurgreiðslu vegna námsleyfis rekstrarstjóra. Áætlanir höfðu ekki gert ráð fyrir endurgreiðslunni fyrr en á árinu 2008 þegar námsleyfinu lýkur. Einnig var minni yfirvinnukostnaður vegna fastlaunasamninga og yfirvinnupaks. Reikningur vegna vinnu verktaka upp á um 0,4 mkr barst ekki fyrir lokun bókhalds.

I4005 Atvinnu- og forvarnarverkefni

Rekstrarniðurstaða Atvinnu- og forvarnarverkefni var 490 þkr. (3,3%) lægri en áætlun.

Tekjur voru 793 þkr. yfir áætlun eða 19%. Launakostnaður var 2.019 þkr. yfir áætlun eða 19%. Annar rekstrarkostnaður var 1.716 þkr. undir áætlun eða 20%.

Varðandi annan kostnað þá var lokauppgjör vegna erlends samstarfsverkefnis frá árinu 2006 (Culture of silence) flutt á I-4000. Ekki náðist að fara í kynningu á Tótal –ráðgjöfinni eins og áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Að lokum hafði verið gert ráð fyrir að færa kostnað vegna sjálfboðaliða á I-4005, en hann var síðan allur færður á I-4000.

I7100 Frístundaheimili ÍTR

Rekstrarniðurstaða Frístundaheimilana var 33.179 þkr. (6,5%) hærri en áætlun.

Tekjur urðu 5.327 þkr. yfir áætlun eða 2%. Launakostnaður var 3.015 þkr. undir áætlun. Annar rekstarkostnaður var 41.522 þkr. yfir áætlun eða 54% sem að mestu má rekja til kostnaðar vegna síðdegishressingar.

Áætlun gerði ráð fyrir að fjöldi barna í vistun væri 2.100 en í vistun voru allt upp í 2.321 barn í vistun þegar mest lét á vormánuðum. Þegar fjárhagsáætlun er sett upp miðað við raunverulegan barnafjölda kemur út að áætlunin hefði átt að vera 566 mkr en ekki 510 mkr. Illa gekk að manna stöður og voru allt að 18 börn á hvern starfsmann á sumum stöðum þrátt fyrir samþykkt borgarráðs um að ekki eigi að vera fleiri en 12 börn á hvern starfsmann.

ÍTR ákvað á fundi sínum í byrjun október að taka upp sveigjanlega þjónustu í 16 frístundaheimilum, áætlaður kostnaður við breytingu á hugbúnaði vegna þessa var um 5 mkr.

Borgarráð tók ákvörðun í nóvember um sérstakt átak í starfsmannamálum til að koma til móts við aukið álag vegna manneklu á árinu. Hluti ÍTR átti að vera 3,5 mkr. sem nýta átti fyrir starfsfólk frístundaheimilanna, fjárhagsáætlunin hefur ekki verið leiðrétt í samræmi við þessa ákvörðun.

I7180 FrístundaKlúbbar

Rekstrarniðurstaða frístundaklúbbanna var 3.414 þkr. (13,7%) lægri en áætlun.

Starfsemi fór hægar af stað en gert var ráð fyrir, meðal annars vegna seinkunnar á afhendingu húsnæðis undir starfseminum. Ekki tókst að kaupa inn allan stofnbúnað sem fyrirhugað var að gera á haustmísserinu sem rekja má til dráttar á afhendingu húsnæðis.

Íþróttamál

Í heild var rekstur skrifstofu íþróttamála 10.656 þkr. (1,1%) lægri en áætlun.

Tekjur sundlauga voru rúmum 2 mkr hærri en áætlað var og rekstrarkostnaður var rúmum 3 mkr lægri en áætlað var. Gestafjöldi sundlauga 2007 var 1.690.000 og fækkaði um 50.000 milli ára. .

I5010 Vesturbæjarlaug

Rekstrarniðurstaða Vesturbæjarlaugar var 4.354 þkr. (11,2%) hærri en áætlun. Tekjur urðu 3.637 þkr. lægri en áætlað var eða 6%. Launakostnaður var 1.446 þkr. lægri en áætlun eða 2%. Annar rekstarkostnaður var 2.164 þkr. hærri en áætlað var eða 6%.

Töluverð fækkun varð á fjölda hópa í skólasundi frá því sem gert var ráð fyrir í áætlun bæði á vor og haustönn eða sem nemur 1.028 þús. Var það ljóst í útkomuspá haustið 2007. Einnig var fækkun gesta talsverð líkt og í öðrum laugum og því tekjur vegna aðgangseyris 1.613 þús. undir áætlun. Vörusala helst í hendur með fækkun gesta og varð því 500 þús. undir á áætlun.

Orkunotkun var hærri en gert var ráð fyrir í áætlun.

I5031 Íþróttahúsið í Austurbergi

Rekstrarniðurstaða Íþróttahússins í Austurbergi var 2.659 þkr. (12,1%) lægri en áætlun.

Tekjur urðu 1.773 þkr. hærri en áætlað var eða 8%. Launakostnaður var 2.395 þkr. lægri en áætlun eða 15%. Annar rekstarkostnaður var 1.509 þkr. hærri en áætlað var eða 6%.

Megin ástæða hærri tekna er breyting var gerð á innheimtu fyrirkomulagi þ.e. að hver tími salar er nú reiknaður sem 45 mínútur í stað 60 mínútna, til samræmingar við önnur íþróttahús Reykjavíkurborgar. Einnig nýtti Fjölbrautarskóli íþóttasal meira en áætlað hafði verið.

Á tímabilinu tóku tveir starsfmenn launalaust leyfi yfir sumartímann. Á haustmisseri var ráðist í nokkur búnaðarkaup þar sem fyrirséð var að afkoma ársins yrði innan áætlunar.

I5040 Árbæjarlaug

Rekstrarniðurstaða Árbæjarlaugar var 5.054 þkr. (4,2%) lægri en áætlun.

Tekjur urðu 9.795 þkr. lægri en áætlað var eða 12%. Launakostnaður var 16.611 þkr. lægri en áætlun eða 19%. Annar rekstarkostnaður var 1.762 þkr. hærri en áætlun eða 2%.

Á undanförunum árum hefur gestum fækkað verulega. Laugin var lokað í sex vikur vegna meiriháttar viðhalds í lok sumartímans.

Dregið var verulega úr mönnun á álagstímum og færri voru ráðnir til sumarstarfa en áætlun gerði ráð fyrir.

I5050 Grafarvogslaug

Rekstrarniðurstaða Grafarvogslaugar var 6.229 þkr. (6,7%) lægri en áætlun.

Tekjur urðu 1.585 þkr. hærri en áætlað var eða 2%. Launakostnaður var 4.082 þkr. lægri en áætlun eða 5%. Annar rekstarkostnaður var 562 þkr. lægri en áætlað var eða 1%.

Tekjur vegna aðgangseyris og veitingasölu eru nokkuð undir áætlun. Helstu frávík í tekjum eru vegna sölu á strætókortum sem endurspeglast líka í hærri almennum rekstarkostnaði. Launakostnaður er 4 mkr undir áætlun. Stóran hluta árs voru vaktir ekki fullmannaðar bæði vegna starfsmannaveltu og langtíma-veikinda. Orkunotkun var um 1,8 mkr lægri en áætlað var.

I5060 Íþróttamiðstöðin Klébergi

Rekstrarniðurstaða Íþróttamiðstöðvarinnar Klébergs var 2.811 þkr. (12,8%) hærri en áætlun.

Tekjur urðu 309 þkr hærri en áætlað var eða 4%. Launakostnaður var 3.666 þkr. hærri en áætlun eða 27%. Annar rekstrarkostnaður var 547 þkr. lægri en áætlun eða 3%.. Engar skýringar hafa borist frá forstöðumanni vegna útkomunnar.

I5080 Ylströnd

Rekstrarniðurstaða Ylstrandar var 1.511 þkr. (5,5%) lægri en áætlun.

Tekjur urðu 92 þkr. hærri en áætlað var eða 2%. Launakostnaður var 357 þkr. lægri en áætlun eða 3%. Annar rekstrarkostnaður var 1.061 þkr. lægri en áætlun eða 5%. Orkukostnaður var 1 mkr undir áætlun. Meginskýringin á frávikum er að endurnýja þarf sandinn á ströndinni reglulega og nam kostnaður á síðasta ári við það um 1,3 mkr.

I5220 Íþróttahús í Seljahverfi

Rekstrarniðurstaða Íþróttahússins var 2.194 þkr. (7,1%) lægri en áætlun.

Tekjur 295 þkr. hærri en áætlað var eða 1%. Launakostnaður var 5.126 þkr. lægri en áætlun eða 21%. Annar rekstrarkostnaður var 3.001 þkr. hærri en áætlun eða 10%.

Launakostnaður er 5,1 mkr undir áætlun. Allt árið var íþróttahúsið rekið á 3 stöðugildum en áætlun gerði ráð fyrir 4 stöðugildum. Á haustmisseri var ráðist í nokkur búnaðarkaup þar sem fyrir séð var að afkoma ársins yrði innan áætlunar.

I5230 Íþróttahús KHÍ

Rekstrarniðurstaða Íþróttahússins var 188 þkr. (4,9%) lægri en áætlun.

Tekjur urðu 1.872 þkr. hærri en áætlað var eða 23%. Launakostnaður var 1.148 þkr. hærri en áætlun eða 12%. Annar rekstrarkostnaður var 535 þkr. hærri en áætlun eða 26%. Ákveðið var að gera KHÍ að “blak húsi”, þá var nauðsynlegt að endurnýja nánast allt sem tilheyrði íþróttinni. Fjárfest var í blaksúlum, netum, dómarastól og línúmerkingum sem ekki hafði verið gert ráð fyrir.

I5400-I5404 Þjónusta við félög

Rekstrarniðurstaða þjónustumiðstöðvar var 1.461 þkr. (3,4%) hærri en áætlun.

Tekjur eru 220 þkr. undir áætlun eða 3%. Launakostnaður var 925 þkr. yfir áætlun eða 7%. Annar rekstrarkostnaður var 316 þkr. yfir áætlun eða 1%

Þjónustumiðstöðin flutti á árinu úr Skerjafirði upp á Bæjarháls og nam beinn kostnaður við flutningana um 3,5 mkr. Á móti sparaðist húsaleiga upp á 1,2 mkr.

I5411 Gervigrasvöllur við Austurberg

Rekstrarniðurstaða gervigrasvallarins var 510 þkr. (22,2%) lægri en áætlun.

Tekjur voru um 420 þkr. undir áætlun eða 3%, þar sem leiga af íþróttamannvirkjum samkvæmt áætlun skilaði sér ekki. Annar kostnaður var

1.157 þkr. undir áætlun eða 7%, þar af var orkukostnaður um 1,4 mkr undir áætlun.

I5422 Sparkvellir

Rekstrarniðurstaða Sparkvalla var 530 þkr. (3,7%) lægri en áætlun .

Bókfærð innri leiga var 1,4 mkr undir áætlun þar sem sparkvöllur við Austurbæjarskóla er gjaldfærður á kostnaðarstað *Húsaleiga vegna borgarmannvirkja*. Orkukostnaður var 0,9 mkr hærri en gert hafði verið ráð fyrir.

I6900 Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Rekstrarniðurstaða framlags til Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins var 84.881 þkr. (155%) hærri en áætlun .

Á fundi borgarráðs 6. Mars 2008 var ákveðið að færa aukaframlag til skíðasvæðanna vegna uppgjörs á viðskiptaskuld við Reykjavíkurborg samkvæmt bráðabirgðauppgjöri.

Miðlæg starfsemi

I7600 Menningartengd starfsemi

Rekstrarniðurstaða var 1.578 þkr. (39,6%) hærri en áætlun.

Launakostnaður var 853 þkr. yfir áætlun eða 137%. Annar rekstrarkostnaður var 1.000 þkr. yfir áætlun eða 30%.

Á þessum kostnaðarstað eru rekin m.a. Miðbæjarathvarf og styrkur vegna Reykjavíkurmaraþons. Miðbæjarathvarf er samstarfsverkefni ÍTR, Velferðarsviðs og Lögreglunnar í Reykjavík um leitarstarf í borginni til að sporna gegn ólöglegum útivistum barna og unglinga.

Skýringar á umframkostnaði eru þær helstar að haldin var ráðstefna um íþróttatengda ferðabjónustu með Háskólanum í Reykjavík. Kostnaður vegna þessa átti að hluta að færast á *Rekstarstyrki*, ekki náðist að leiðrétta þetta í uppgjörinu. Þá var óskað eftir að ÍTR væri þátttakandi í menningarnótt með atriði í Hljómskálagarðinum.

I8000 Hátíðarhöld 17. júní

Rekstrarniðurstaða 17. júní var 1.376 þkr. (5,5%) hærri en áætlun.

Að ósk Þjóðhátíðarnefndar voru tónleikar á Arnarhóli færðir til fyrra horfs þ.e að dagskrá yrði höfð til miðnættis. Kostnaður við hljómsveita og tæknimenn var hærri en áætlað var.

I8250 Fólkvangur Kjalarnesi

Rekstrarniðurstaða Fólkvangs var 876 þkr. (34,5%) hærri en áætlun.

Tekjur voru 287 þkr. undir áætlun eða 50%. Launakostnaður var 329 þkr. hærri en áætlun eða 82%. Annar rekstrarkostnaður var 260 þkr. hærri en áætlun eða 10%. Engar skýringar hafa borist frá forstöðumanni vegna útkomu ársins.

I8400-I8402 Fjölskyldu- og húsdýragarður

Rekstrarniðurstaða Fjölskyldu- og húsdýragarðsins er 5.143 þkr. (3,6%) lægri en áætlun.

Tekjur voru 9.093 þkr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir eða 9%, aðsókn jókst nokkuð frá fyrra ári og var um 178.000 gestir sem er nokkuð undir meðaltalsaðsókn frá 1995-2006

Launakostnaður var 2.246 þkr. undir áætlun eða 1% en annar rekstrarkostnaður var 6.196 þkr. yfir áætlun eða 6%. Hluti af öðrum rekstrarkostnaði er innri leiga tækja og áhalda alls 4,4 mkr sem ekki er inni í áætlun. Eftir að niðurstaða 2006 lá fyrir var reynt að draga saman seglin í garðinum til að geta mætt áætluðum halla sem gert var ráð fyrir að yrði yfirfærður á garðinn.

I8460 Sameiginlegur kostnaður

Rekstrarniðurstaða var 854 þkr. (5,7) hærri en áætlun.

Tekjur voru 4.435 þkr. en ekki hafði verið gert ráð fyrir tekjum í áætlun.

Tekjurnar eru vegna tekna af tjaldstæði í Laugardal.

Rekstrargjöld voru 5.288 þkr. hærri en áætlun en inni í þeirri tölu er óbein afskrift á viðskiptakröfum upp á 1,3 mkr sem eiga að mæta afskriftum í framtíðinni.

I8461 Langtímaveikindi og leyfi

Rekstrarniðurstaða var þkr. 10.543 (32,8%) hærri en áætlun.

Veikindi voru mun meiri en gert var ráð fyrir í forsendum áætlunar og nokkuð meiri en verið hefur undanfarin ár

I8465 Tölvu- og tæknimál

Rekstrarniðurstaða var 6.036 þkr. (15,9%) hærri en áætlun.

Ein af ástæðum þess er að þegar ákveðið var að fara út í útdeilingu á kostnaði með gjaldskrá var horft á hvað sviðin áætluðu mikið í tölvukaup á árinu 2007. Gjaldskráin var búin til út frá þeim búnaði sem var til staðar 2006. Það var því alveg ljóst að fjárveiting til að endurnýja tölvubúnað 2007 var tekin inn í fjárveitingu vegna tækja sem voru til staðar 2006.

I8999 Gjaldfærð lausafjárkaup

Rekstrarniðurstaða var 2.880 þkr. (8,2%) hærri en áætlun.

Á árinu var yfirfærð fjárveiting upp á 20 mkr frá Eignasjóði vegna uppbyggingar á hjólabrettapöllum, kostnaður nam 16 mkr í lok ársins.

Kostnaður við þróun og innleiðingu á Smartkortakerfinu nam um 10,2 mkr sem er nokkuð umfram áætlun.

Styrkir**I9320 Húsaleigu- og æfingastyrkir**

Rekstrarniðurstaða var. 42.466 þkr. (3,3%) lægri en áætlun.

Vegna halla á liðnum frá fyrra ári var dregið úr styrkveitingum á árinu.

Fjárveiting vegna Frístundakortsins var færð undir húsaleigu- og æfingastyrki.

I9340 Frístundakort

Gjaldfærður kostnaður við innleiðingu og greiddir styrkir vegna Frístundakortsins nam í árslok 154,6 mkr. sem er um 25,4 mkr undir því sem áætlað var í upphafi. Samkvæmt áætlun var gert ráð fyrir að nýting kortsins yrði 65% eða 12.888 aðilar í aldurshópnum 6-18 ára. Í árslok var búið að ráðstafa fyrir 10.345 aðila.

I9998 Stofnstyrkir

Rekstrarniðurstaða var 8.138 þkr. en ekki var gert ráð fyrir kostnaði vegna þessa liðar.

Í upphaflegri áætlun var gert ráð fyrir þkr. 33.619 . Við yfirferð á áætlun með fjármálaskrifstofu á haustmánuðum var tekin sú ákvörðun að lækka áætlun vegna stofnstyrkja. Þrátt fyrir það er bókað á þennan lið 8.1 mkr.

Annað

I9997 Innri leiga áhalda og tækja

Rekstrarniðurstaða var 313 þkr. (10,5%) hærri en áætlun.

Á seinni hluta ársins kom inn leiga vegna stofnbúnaðar í Íþróttahúsi Grafarvogs (180 þkr.) og skylmingatæki í Baldurshaga vegna Skylmingafélags Reykjavíkur (36 þkr.). Auk þess hækkaði leiga á stofnbúnaði í viðbyggingu Ármanns/Þróttar um 96 þkr. á seinni hluta ársins.

I9000 Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði

Rekstrarniðurstaða var þkr. 95.470,- (94,9%) lægri en áætlun.

Í október þegar áætlunin var endurskoðuð var gert ráð fyrir að fagsviðin myndu bera hluta af kostnaði við lífeyrisskuldbindingar borgarinnar en við uppgjör var ákveðið að færa ekki þann hluta á sviðin.